


FJARÐABYGGÐ

ÁRSSKÝRSLA 2004



FJARÐABYGGÐ





ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnsýslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnar svið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Í ársskýrslu Fjarðabyggðar er leitast við að gera grein fyrir rekstri bæjarfélagsins á árinu 2004. Þar er að finna almennt yfirlit yfir helstu málaflokka og þau undirfyrirtæki sem bæjarstjórn fjallar um. Auk þess sem yfirlit er gefið yfir ráðstöfun fjár til hinna ýmsu málaflokka.

Sviðsstjórar sveitarfélagsins fjalla hver um þá málaflokka sem falla undir þeirra verkswið og því ekki fjallað um þá í þessum inngangi.

Ársskýrsla Fjarðabyggðar er einungis birt á heimasíðu sveitarfélagsins en þeir sem þess óska geta fengið hana útprentaða á bæjarskrifstofunum. Eins og þeim er kunnugt sem heimsótt hafa heimasíðuna þá er á henni að finna miklar upplýsingar um sveitarfélagið og er forðast að endurtaka þær upplýsingar í ársskýrslunni.

Mikil uppbygging átti sér stað á árinu og eru byggingaframkvæmdir í öllum byggðakjörnum þremur en þó hvað mestar á Reyðarfirði. Þessi uppbygging tengist að sjálfsgöðu álversframkvæmdunum en þær hafa aukið bjartsýni hjá íbúum Fjarðabyggðar. Tækifærin blasa hvarvetna við og fjölmörg þjónustufyrirtæki eru að koma sér fyrir í bæjarfélaginu.

Þann 7. júlí sl. var tekin fyrsta skóflustunga að álverinu og síðan hafa hlutirnir gerst einn af öðrum. Uppbygging starfsmannabors Bechtel á Haga var hafin en gert er ráð fyrir að þar muni búa um 1500 manns þegar flest verður á byggingartíma álversins.

Fasteignamat hækkaði mikið á árinu og hefur það hækkað um 100% á sl. tveimur árum en samt endurspeglar það enn ekki söluverð fasteigna í sveitarfélaginu og á því eftir að hækka. Fasteignamarkaður er virkur en þó er húsnæðisskortur viðvarandi en vonandi rætist þar úr á árinu 2005.

Íbúum fjölgaði um 65 á árinu og voru íbúar Fjarðabyggðar 3175 þann 1. desember 2004. Íbúafjölgunin er litlu hægari en spár okkar gerðu ráð fyrir en ekkert sem þarf að hafa áhyggjur af. Ánægjulegt er að sjá að mest fjölgunin er í aldurshópnum upp að 40 ára aldri.

Sú nýlunda var tekin upp á árinu að haldið var íbúaping í Fjarðabyggð. Var þingið haldið í Kirkju- og menningar- miðstöðinni á Eskifirði og sóttu það um 160 manns og tókst vel. Af reynslu þessa fyrsta íbúapings að ætla er ekki ástæða til annars en boðað verði til slíkra þinga aftur. Margar hugmyndir komu fram hjá íbúunum en mesta áherslu lögðu þeir á bættar samgöngur innan sveitarfélagsins. Einkum var þar bent á mikilvægi nýrra jarðgangna milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og eflingu almenningsamgangna.

Ljóst er að verði ekki breyttar áherslur í jarðgangnamálum hjá stjórnvöldum þá þurfum við að bíða í mörg ár eftir nýjum jarðgöngum. Sífelld eykst umferð um Oddskarð og miklar tafir eru við Oddskarðs-göngin sem eru barn síns tíma og anna alls ekki þeim miklu þungaflutningum sem fara þar um. Því er skorað á þingmenn að leggjast á eitt að koma nýjum jarðgöngum milli Eskifjarðar og Norðfjarðar sem fyrst í framkvæmd.

Á haustmánuðum samþykkti bæjarstjórn þá tillögu fræðslunefndar að frá og með áramótum 2004/2005 yrði gjaldfrjáls leikskóli fyrir elsta árgang leikskólabarna í 4 klst. á dag. Þar með skipaði Fjarðabyggð sér í fremstu röð sveitarfélaga í leikskólamálu. Með þessari ákvörðun er áréttuð sú stefna bæjaryfirvalda að leikskólinn sé fyrsta stig grunnmenntunar barna og áréttar mikilvægi þess að öll börn stundi leikskólanám. Í Fjarðabyggð hefur verið meðvituð sú stefna um árabíl að hafa leikskólagjöld lág enda hefur komið fram í flestum könnunum sem gerðar hafa verið á leikskólagjöldum í sveitarfélögum að Fjarðabyggð er yfirleitt með lægstu gjöldin.

Það hefðu fáir trúað því fyrir nokkrum árum að lagning hitaveitu yrði að veruleika hér. Raunin er önnur og lagning hitaveitu hófst á Eskifirði á haustmánuðum. Gert er ráð fyrir að öll hús á Eskifirði verði tengd veitunni á árinu 2005. Hitaveitan er eitt þeirra dæma sem ég tel vart að hefði orðið að veruleika nema með sameiningu sveitarfélaganna vegna þeirra miklu fjárhagslegu áhættu sem taka varð til að gera veituna að veruleika.

Vinna við frekari sameiningar sveitarfélaga hélt áfram á árinu undir forystu ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fjarðabyggð tók ekki afstöðu til tillagna sameiningarnefndar þar sem engar tillögur litu dagsins ljós frá tekjustofnanefnd á árinu.

Eins og minnst hefur verið hér á eru mikil umsvif í Fjarðabyggð. Þau umsvif reyna mikið á fjárhag sveitarfélagsins sem verður erfiður meðan á uppbyggingartímanum stendur. Bæjaryfirvöld kappkosta að gera bæjarfélagið fjölskylduvænt þannig að hér sé aðlaðandi fyrir fólk að setjast að. Það kostar mikla peninga og því verður sveitarfélagið að skuldsetja sig mikið. Áætlanir okkar sýna að sveitarfélagið mun vel ráða við að greiða niður sínar skuldir á komandi árum en gæta verður fyllsta aðhalds á þessum miklu þenslutímum.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum Fjarðabyggðar, bæjarfulltrúum og nefndafólki gott samstarf sem og öllum bæjarbúum.

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnarsvið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Fjármála- og stjórnslusvið

Fjármála- og stjórnslusvið sveitarfélagsins hefur umsjón með fjárreiðum og bókhaldi, annast gerð fjárhagsáætlana, framkvæmd kjara- og starfsmannamála, fjarskipta- og tölvumála, trygginga- og upplýsingamála auk manntala. Jafnframt annast sviðið kostnaðareftirlit, innkaupa- og skrifstofustjórnun auk annarra stjórnslumála. Skrifstofur eru í byggðakjörnum þremur og eru starfsmenn 11 í 10,3 stöðugildum. Starfsemi sviðsins er samþætt með miðlægu upplýsinga- og símkerfi auk skýrra verkefna-skilgreininga. Á skrifstofunum þremur eru afgreiðslur þar sem íbúum er veitt greið þjónusta.

Starfsemi sviðsins

Starfsemi sviðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Í upphafi ársins var boðin út stærsta lántaka Fjarðabyggðar hingað til eða 1.110 milljónir kr. Umsýsla vegna lóðaumsókna jókst mjög verulega en eftirspurn eftir lóðum var mikil á árinu. Þann 17. apríl var haldið íbúáþing í Kirkju- og menningarmistöðinni á Eskifirði. Þá var í framhaldi af stjórnsluúttekt IMG-Deloitte gerð úttekt á innkaupum sveitarfélagsins og voru þær niðurstöður kynntar stjórnendum í september. Í framhaldi af því hafa innkaupamál verið í endurskoðun. Þá voru tryggingar sveitarfélagsins boðnar út og samið við Sjóvá-Almennar til fjögurra ára. Á árinu heimsóttu Fjarðabyggð forstöðumenn fjármála- og stjórnslusviða sveitarfélaga. Þá hætti Magnús Jóhannsson forstöðumaður fjármálasviðs störfum á árinu og í kjölfar þess var fjármálasvið sameinað stjórnslusviði í umsjón Gunnars Jónssonar. Í framhaldi af því var auglýst eftir fjármálastjóra og var Páll Björgvin Guðmundsson ráðinn til starfans.

Stjórnsluslan og nefndasvið

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar er skipuð níu fulltrúum, fjórum fulltrúum frá Fjarðalistanum, tveimur fulltrúum frá Framsóknarflokki, tveim fulltrúum frá Sjálfstæðisflokki og einum frá Biðlista. Fyrri hluta ársins var forseti bæjarstjórnar Þorbergur Hauksson en seinni hluta Smári Geirsson. Bæjarstjórn hélt 20 fundi á árinu. Fjárhagsáætlun 2004 var afgreidd þann 15. desember, ársreikningur 2003 þann 6. maí, þriggja ára áætlun 2005 til 2007 þann 18. mars og endurskoðun fjárhagsáætlunar 2004 þann 21. október. Skipan undirnefnda var breytt í framhaldi af stjórnsluúttekt IMG-Deloitte og sitja einn eða fleiri bæjarfulltrúar sem aðalmenn í undirnefndum. Þá voru samþykktar endurskoðaðar reglur um fjárhagsaðstoð og sett ný hafnarreglugerð. Á aðal- og deiliskipulögum voru gerðar 12 breytingar. Þá skipaði bæjarstjórn fulltrúa í samráðsnefnd Fjarðabyggðar og Austurbyggðar. Bæjarráð er skipað þrem fulltrúum og eru þeir kosnir árlega úr hópi bæjarfulltrúa. Að auki situr

áheyrnarfulltrúi Biðlista fundi ráðsins. Formaður var Smári Geirsson fyrri hluta ársins en Þorbergur Hauksson þann síðari. Í bæjarráði sitja auk Þorbergs, Smári Geirsson, Magni Kristjánsson og Ásmundur Páll Hjaltason. Bæjarráð hélt 47 fundi á árinu og tók fyrir 521 mál. Af einstökum málum voru lóðarúthlutanir lang fyrirferðamestar í umfjöllun ráðsins en alls var samþykktar 125 lóðarúthlutanir. Aðrar nefndir sveitarfélagsins héldu 154 fundi.

Starfsmannahald

Á launaskrá Fjarðabyggðar árið 2004 voru alls 796, en fastráðnir starfsmenn í meira en 10% starfi 1. desember voru um 280 í 246 stöðugildum. Konur voru 190 en karlar 90. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu 15 milljónum kr. Hæstar voru launagreiðslur í mála-flokknum fræðslumál, 350,7 milljónir kr. Þar á eftir kom þjónustumiðstöð með 72,9 milljónir kr. og æskulýðs- og íþróttamál 61,1 milljón kr. Fastir starfsmenn eru flestir í málaflökknum fræðslumál og einstakrar stofnunar í Nesskóla. Fjarðabyggð tekur þátt í verkefni með Tölvumiðlun um þróun á nýju launa- og mannauðskerfi sem bætir allt umhald starfsmannamála. Starfsmannahald var í föstum skorðum á árinu og óverulegar breytingar á starfsmannahaldi.

Upplýsingamál

Samþykkt var að Fjarðabyggð yrði þáttakandi í Mannlífs- og atvinnusýningunni, Austurland 2004, sem haldin var í júní á Egilsstöðum. Þá var haldið íbúáþing í Kirkju- og Menningarmiðstöðinni á Eskifirði 17. apríl og tóku um 160 íbúar þátt í því. Á heimasíðunni voru birtar 193 fréttir auk augýsinga og miðlunar annars efnis. Kynningarmál sveitarfélagsins voru m.a. í umfjöllun kynningarnefndar en formaður hennar er Guðný Björg Hauksdóttir en aðrir í nefndinni eru Eiður Ragnarsson, Magni Kristjánsson og Ásmundur Páll Hjaltason. Reglulega var boðið uppá viðtalstíma bæjarfulltrúa en þeir voru misjafnlega vel nýttir. Að auki voru haldnir kynningarfundir um afmörkuð málefni á sviði umhverfismála, atvinnumála og annarra bæjarmála. Á árinu voru gefin út fjögur fréttabréf auk annarra kynningarrita.

Íbúáþróun

Íbúum Fjarðabyggðar fjölgaði á árinu og voru þeir 3.175 þann 1. desember 2004. Hefur þeim fjölgað um 65 frá árinu áður eða sem nemur 2,1% og er það framhald þróunar frá árinu áður. Skiptast íbúar eftir byggðakjörnum þannig: Í Neskaupstað 1.480, á Eskifirði 999 og á Reyðarfirði 696. Karlar voru 1.643 og konur 1.532. Íbúar skiptust eftir aldri þannig að börn að 6 ára aldri voru 257, 6 til 17 ára 541, 17 til 24 ára 414, 25 - 66 ára 1.624 og 67 ára og eldri 339.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og
stjórnsýslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnarsvið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á
lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur
EignirEfnahagsreikningur
Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Álagning skatta

Álagningarhlutfall úsvars var 13,03%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,38% á íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum og lóðum þeim tengdum ásamt jörðum og eignum sem nýtt eru til landbúnaðar en 1,650% á aðrar eignir. Vatnsskattur var 0,27%, holræsagjald 0,20%, lóðarleiga 1,5% af álagningarstofnum, sorphreinsunargjald 7.500 kr. og sorpeyðingargjald 6.500 kr. Þjónustugjöld voru hækkuð í takt við verðlagsþróun og eru með þeim lægstu á landinu.

Ársreikningur 2004

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 1.621,6 milljón kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta sem er 198 milljóna kr. aukning frá árinu áður. Rekstrartekjur A-hluta námu þar af 1.211,8 milljónum kr. sem er aukning um 145 milljónir kr.

Rekstrargjöld sveitarfélagsins námu 1.677,6 milljónum kr. sem er aukning um 105 milljón kr. frá árinu áður.

Rekstrargjöld A-hluta voru 1.313,9 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins að teknu tilliti til fjármagnsliða var neikvæð um 142,3 milljónir kr.

Rekstrarafkoma sveitarfélagsins varð 32 milljónum kr. lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrist af því að rekstrarútgjöld urðu 97 milljónum kr. hærrí. Tekjur urðu 44 milljónum kr. hærrí og vaxtagjöld 21 milljón kr. lægri þannig að frávik nam 29 % en upphaflega var reiknað með 110,4 milljóna kr. neikvæðri afkomu sem endaði í 142,3 milljónum kr. Þeir liðir rekstrarútgjalda sem fóru mest fram úr áætlun eru laun og launatengd gjöld 44,4 milljónir kr. afskriftir 18 milljónir kr. auk lífeyrisskuld-bindinga 12,1 milljón kr.


Efnahagur sveitarfélagsins stækkaði mikið á milli ára eða um 893 milljónir kr. en á árinu var boðið út lánsfjármagn að fjárhæð 1.100 milljónir kr. og fjárfest fyrir 951 milljón kr. Uppgreiðsla langtímalána nam 176 milljónum kr. Handbært fé jókst um 31 milljón kr.

Eigið fé sveitarfélagsins nam 296,6 milljónum kr. og A-hluta þar af 13,7 milljónum kr. Hefur eiginfjárreikningur lækkað á milli ára um 142 milljónir kr.

Fjárfestingar

Stærstu fjárfestingarnar voru í veitum eða 469 milljónir kr. en þar er stærsta framkvæmdin í hitaveitu á Eskifirði. Þá nam fjárfesting í hafnarmannvirkjum 182 milljónum kr. og í skólhúsnæði 198 milljónum kr.

SKIPTING SKATTEKNA 2004





STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnáslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnarsvið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Fræðslu- og menningarsvið

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla samkvæmt lögum um viðkomandi stofnanir. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Fræðslunefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, skipuðum af bæjarstjórn. Aðalmenn í nefndinni í árslok voru þau Jón Björn Hákonarson formaður, Svanhvit Aradóttir varaformaður, Eiður Ragnarsson, Gunnar Ásgeir Karlsson og Agla Hauksdóttir. Fræðslunefnd hélt 14 fundi á árinu 2004.

Áfram voru veittir námsstyrkir á árinu 2004. Í árslok 2004 höfðu verið veittir 70 styrkir til 32 aðila, flestir til aðila sem eru við nám í grunnskólaskori en einnig til nemenda við leikskólaskor, íþróttakennaraskor o.fl. Flestir styrkþegar eru í fjarnámi. Hlutfall réttindakennara við grunnskólana hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum.

Hópur 24 japanskra ungmenna á aldrinum 6-23 ára heimsótti Fjarðabyggð í marsmánuði. Hópurinn var á vegum samtakanna „Japan Friends of the World Association“ sem undanfarin 16 ár hafa gert um 450 börnum kleift að heimsækja um 25 lönd vítt og breitt um heiminn.

Ákveðið var á árinu að fara með tölvumál kennara við grunnskólana þrjá í hýsingu og jafnframt var samþykkt að fartölvuvæða starfsmenn skólanna á næstu tveimur árum.

Verkfall grunnskólakennara stóð yfir frá 20. september fram í nóvember. Að loknu verkfalli var ákveðið, í samráði við skólastjórnendur, að bæta nemendum að nokkru leiti upp þann tíma sem tapaðist í verkfallinu.

Grunnskólar

Þrjú grunnskólar eru starfandi í Fjarðabyggð. Þeir eru Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar og Nesskóli. Skólaárið 2003-2004 voru hátt í 500 nemendur í skólunum þremur. Stöðugildi við skólana voru um 85 í árslok 2004.

Nemendur í almennum bekkjardeildum skiptust þannig á skólana skólaárið 2003-2004:

- Grunnskóli Reyðarfjarðar 125 nemendur í 10 bekkjardeildum.
- Grunnskóli Eskifjarðar 159 nemendur í 11 bekkjardeildum.
- Nesskóli 210 nemendur í 13 bekkjardeildum.

Áfram var unnið við viðbyggingar skólanna á Eskifirði og í Neskaupstað og þann 19. mars tóku nemendur 1. bekkjar Grunnskóla Reyðarfjarðar fyrstu skóflustungu að nýbyggingu skólans sem ætlunin er að taka í notkun á árinu 2006. Skóladagheimili eru starfandi við alla skólana þrjá.

Leikskólar

Fjarðabyggð rekur þrjá leikskóla fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Þeir eru Dalborg Eskifirði, Lyngholt Reyðarfirði og Sólvellir Neskaupstað. Stöðugildi við leikskólana voru um 47 árinu. Ríflega 200 börn voru að jafnaði á leikskólunum.


Börnum tók að fjölga á árinu á Lyngholti og um leið tók til starfa fyrsta dagmóðirin á Reyðarfirði í langan tíma. Til að bregðast við þessu var þann 10. júní tekin fyrsta skóflustunga að viðbyggingu skólans og hófust framkvæmdir í framhaldinu. Áætlað er að viðbyggingunni og breytingum á núverandi húsnæði verði lokið um mitt ár 2005. Viðbyggingin mun hýsa tvær nýjar deildir auk bættrar almennrar aðstöðu fyrir börn og starfsmenn.

Lyngholt varð 20 ára þann 3. október og var boðið til veislu af því tilefni.

Þann 23. ágúst var tekin í notkun deild fyrir elstu börnin á Kirkjumel í Norðfirði og um leið fækkaði verulega á biðlista Sólvalla.

Í lok ársins var ákveðið að bjóða upp á gjaldfrjálsa vistun frá 1. janúar 2005, frá 8:00 - 12:00 alla virka daga fyrir elstu börn leikskólanna. Fjarðabyggð varð þá annað sveitarfélagið á landinu sem biður upp á gjaldfrjálsa vistun hluta úr degi fyrir afmarkaðan hóp. Í þeim könnunum sem gerðar voru á árinu kom enn og aftur fram að Fjarðabyggð er með ein lægstu leikskólagjöld á landinu.

TIL FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁLA VAR VARIÐ 624,6 MILLJ. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 63,6% AF SKATTEKJUM





STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnáslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnarsvið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Tónskólar

Fjarðabyggð rekur tvo tón(listar)skóla. Þeir eru Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og Tónskóli Neskaupstaðar. Um áramót voru um 135 nemendur í Tónskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og 116 í Tónskóla Neskaupstaðar. Stöðugildi við skólana voru 9,5 en kennt er á öll helstu hljóðfæri í báðum skólunum.

Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar varð 30 ára á árinu og af því tilefni var efnt til mikillar tónlistarveislu 4. og 5. september.

Samkvæmt könnunum sem gerðar voru er Fjarðabyggð með ein lægstu tónskólagjöld á landinu.

Menningarmál

Menningarnefnd

Menningarnefnd fer með málefni bókasafna samkvæmt ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Einnig fer nefndin með málefni annarra safna samkvæmt ákvæðum laga og samninga þar um. Þá tilnefnir nefndin fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns, Náttúrustofu Austurlands og Sjóminjasafns Austurlands til bæjarstjórnar. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. Þjóðminjalögum. Þá skal nefndin sinna málefnum söguritunar og menningarmálum í víðasta skilningi. Auk verkefna sem menningarnefnd hefur með höndum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með samþykktum og erindisbréfum.

Menningarnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, skipuðum af bæjarstjórn. Aðalmenn í nefndinni í árslok voru þau Guðmundur R. Gíslason formaður, Alrún Kristmannsdóttir varaformaður, Guðmundur Þorsteinsson, Heiðberg Hjelm og Viðar Júlí Ingólfsson. Menningarnefnd hélt 11 fundi á árinu 2004.

Áfram var unnið við framkvæmdir við Jensenshús á Eskifirði og í árslok voru framkvæmdir langt komnar. Fjöldi tónleika og annarra viðburða var haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni Eskifirði á árinu. Þá fengu 15 einstaklingar og félagsamtök úr Fjarðabyggð um 4,4 milljónir kr. í styrki frá Menningarráði Austurlands við úthlutun ráðsins á árinu. Áfram var unnið að ritun sögu Norðfjarðar sem verið hefur í smíðum um margra ára skeið.

Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að bjóða til sölu, fyrir fast gjald, dagpassa fyrir öll söfnin í Fjarðabyggð. Passinn gilti auk þess sem aðgangur í sundlaugar og líkamsræktir bæjarins.

Á árinu stóðu Safnastofnun, menningarnefnd Fjarðabyggðar og Sparisjóður Norðfjarðar fyrir málverkasamkeppni meðal íbúa þar sem þemað var „Fjarðabyggð, landslag eða annað er hefur táknræna merkingu fyrir sveitarfélagið“. Þátttaka var með miklum ágætum en alls bárust um 60 verk eftir 23 aðila. Haldin var sýning á verkunum og veitt 100.000.- og 80.000.- kr. viðurkenningar fyrir tvö bestu verkin. Viðurkenningar voru veittar Hildi Halldórsdóttur fyrir myndina „Í birtingu - Reyðarfjörður“ og Bjarna Heiðari Joensen fyrir myndina „Horft yfir Mjóeyri“ Fjarðabyggð gaf síðan verk Hildar út á jólakorti fyrir jólin 2004.


Eins og undanfarin ár voru veittir styrkir til ýmissa menningartengdra mála á árinu. Beinir peningalegir styrkir voru ríflega 4 milljónir kr.

Bókasöfn

Þrjú bókasöfn eru í Fjarðabyggð.

Á árinu var farið í gegnum bókakost safnsins á Eskifirði og gamlar og ónýtar bækur grisjaðar út. Bókakostur safnsins á Eskifirði taldi 14.500 bækur í árslok 2004. Bókakostur safnsins á Reyðarfirði, þ.e. skóla- og almenningssafns taldi 13.100 bækur í árslok 2004.

Almennings- og skólabókasafnið í Neskaupstað flutti 13. september í framtíðarhúsnæði í Nesskóla. Þar með eru 2 af 3 söfnum bæjarins orðin að samstæðusöfnum í grunnskólum Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Flutningur safnsins í Neskaupstað var alger bylting fyrir starfsemi þess þar sem fyrra húsnæði þess var orðið algerlega ófullnægjandi á allan hátt. Bókakostur safnsins í Neskaupstað taldi um 18.500 bækur í árslok 2004 en við flutning safnsins var farið í gegnum safnið og gamlar og ónýtar bækur grisjaðar út.

TIL MENNINGARMÁLA VAR VARIÐ 64,9 MILLJ. KR.
TIL REKSTRAR, EÐA 6,6% AF SKATTEKJUM



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnsýsluvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustuvið

Hafnar svið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Önnur söfn

Við Safnastofnun Fjarðabyggðar starfa 4 einstaklingar auk sumarstarfsmanna.

Í Fjarðabyggð eru fimm aðalsöfn: Íslenska Stríðsárasafnið á Reyðarfirði, Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði, Náttúrugripasafnið, Safn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað.

Á Íslenska Stríðsárasafnið komu 2.195 gestir, 655 á Náttúrugripasafnið, 1.483 á Sjóminjasafnið og um 2.500 gestir heimsóttu Safn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar á árinu.

Safn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar

Söfnin eru staðsett að Egilsbraut 2 í Neskaupstað. Safn Jósafats er sjálfseignarstofnun og er Fjarðabyggð einn af stofnaðilum. Safn með verkum Tryggva Ólafssonar er einnig orðin sjálfseignarstofnun með Fjarðabyggð sem einn af stofnaðilum. Safnið á orðið 203 verk eftir listamanninn.

Myndasafnið Eskifirði

Bróðurpartur safnsins er kominn á tölvutækt form. Í safninu eru um 10.000 myndir og myndaplötur. Safnið er ekki aðgengilegt fyrir almenning enn sem komið er, en stefnt er að því sem fyrst.

Skjala- og myndasafn Norðfjarðar

Safnið er ekki opið almenningi en upplýsingar um það er hægt að fá hjá Safnastofnun. Þar eru geymd ýmis skjöl og myndir frá Norðfirði fyrir sameiningu sveitarfélaganna.

Ennfremur er Fjarðabyggð aðili að Héraðsskjalasafni Austurlands en ýmis skjöl tengd gömlu sveitarfélögunum þremur, Eskifjarðarkaupstað, Neskaupstað og Reyðarfjarðarhreppi, eru geymd þar.

Æskulýðs- og íþróttamál

Starfsmannamál

Auk æskulýðs- og íþróttafulltrúa eru við félagsmiðstöðvarnar þrjú og hálfstjóðugildi og við íþróttamannvirkin ellefu stöðugildi.

Íþrótt- og tómstundanevnd

Íþrótt- og tómstundanevnd fer í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar með stjórn íþrótt- og tómstundamála. Nefndin er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara,

kosnum af bæjarstjórn. Aðalmenn í íþrótt- og tómstundanevnd voru í árslok þau Jóhann Tryggvason formaður, Stefán Ingvarsson varaformaður, Þorbergur Hauksson, Smári Jónasson og Sævar Guðjónsson.

Alls voru haldnir 18 fundir á árinu 2004 og fékk nefndin fjölda erinda inn á sitt borð. Ber þar hvað hæst vinnu vegna þeirra mannvirkja sem hafist verður handa við á árinu 2005, sundlaug á Eskifirði og íþróttamannvirki á Reyðarfirði. Nefndin stóð einnig fyrir móttöku góðra gesta frá Akranesi sem var hluti af vinabæjarverkefni Fjarðabyggðar og Akraness.

Í lok maí var haldið íþróttþáping sem fram fór í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. Þingið sátu fulltrúar íþrótt- og ungmennafélaganna, starfsmenn íþróttahúsanna, bæjarfulltrúar og fulltrúar í íþrótt- og tómstundanevnd. Gestur þingsins var Viðar Sigurjónsson fulltrúi ÍSÍ á Norður- og Austurlandi og flutti hann erindi um íþróttahreyfinguna, nýliðun og félagsstörf almennt.

Í nóvember var haldið ungmennþáping með þátttöku ungmenna frá Akranesi og Fjarðabyggð og í desember sóttu okkur heim fótboldamenn af Skaganum og af því tilefni var í íþróttahúsinu í Neskaupstað boðið upp á „Fótboltaakademíu“ fyrir unga knattspyrnuíðkendum í Fjarðabyggð. Þann 2. desember var vígður sparkvöllur við Nesskóla, sem er samvinnuverkefni Fjarðabyggðar og KSÍ.

Eins og undanfarin ár fengu einstaklingar og íþróttafélög fjárstyrki og íþróttamaður ársins 2004 var kjörinn Ólafur Gunnarsson glímumaður í UMF Val Reyðarfirði.

Nýr æskulýðs- og íþróttafulltrúi Jóhanna Hallgrímsdóttir tók til starfa í byrjun október, en Sigríður Stefánsdóttir, er gengt hafði starfinu undanfarið ár, tók við starfi forstöðukonu félagsþjónustusviðs Fjarðabyggðar.

Íþróttamannvirki

Aðstaða í Fjarðabyggð til íþróttaiðkunar er ágæt. Á Norðfirði er íþróttahús (45m x 22m), útisundlaug (25m x 8,3m), grasvöllur, malarvöllur og lítið æfingasvæði fyrir knattspyrnu. Sundlaugin er opin allt árið um kring og var heildarfjöldi gesta árið 2004 um 33.000.

Á Eskifirði er íþróttahús yfir vetrarmánuðina. Á vorin er gólfið tekið af húsinu og það nýtt sem sundlaug yfir sumartímann, en heitur útipottur er opin alltt árið. Íþróttahúsið á Eskifirði er 27x14 m og sundlaugin 12x6 m. Ágætur grasvöllur er á Eskifirði til knattspyrnuíðkunar sem og malarvöllur.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnar svið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Á Reyðarfirði er sömuleiðis íþróttahús yfir vetrarmánuðina og heitur útipottur er opinn allt árið. Húsið er nýtt sem sundlaug á sumrin líkt og á Eskifirði. Íþróttahúsið er 27x15 m og sundlaugin 16,6x8 m. Grasvöllur til knattspyrnuíðkunar er á Reyðarfirði.

Í íþróttahúsinum á Eskifirði og Reyðarfirði eru líkamsræktarsalir en í Neskaupstað er slík aðstaða enn sem komið er rekin í húsnæði að Egilsbraut 21.

Sundlaugarnar á Reyðarfirði og Eskifirði eru reknar í u.þ.b. fimm mánuði á ári. 8.950 komur voru skráðar á árinu í laugin á Eskifirði og 7.778 í laugin á Reyðarfirði. Í aðsóknartölum eru allar komur í laugarnar, þ.m.t. notkun UMF. Austru og Vals, sundkennsla í grunnskólunum auk aðsóknar eldri borgara og barna undir 16 ára aldri. Sundkennsla grunnskólanna á Eskifirði og Reyðarfirði fer fram í húsunum í um mánuð að vori og hausti.

Íþróttavellir

Grasvellir eru í öllum byggðakjörnum og hefur ástand þeirra verið misgott. Fjarðabyggð og Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar hafa með sér rekstrarsamning og sá KF alfarið um daglegan rekstur vallanna. Samningurinn var endurnýjaður til ársins 2005 og verður sérstök vinna lögð í að bæta ástand vallanna, eftir því sem aðstæður bjóða.

Íþróttahús

Íþróttahúsin eru vel nýtt. Fyrri hluta dags fer þar fram leikfimikennsla skólanna en síðari hluta dags og á kvöldin nýta félög og einstaklingar þau. Íþróttafélögin í Fjarðabyggð hafa ótakmarkaðan aðgang að húsunum fyrir börn á grunnskólaaldri og meistaraflokka. Þau afnot eru bókfærð sem styrkur Fjarðabyggðar til félaganna, og kemur það til viðbótar beinum fjárframlögum sem ákvarðast af fjölda barna á aldrinum 6-16 ára í hverjum byggðarkjarna.

Önnur íþróttaaðstaða

Golfvellir eru á Norðfirði og Eskifirði. Um er að ræða mjög góða níu holu velli sem hafa verið í stöðugri framsókn. Bæjarfélagið styrkir golfklúbbana til uppbyggingar vallanna en að öðru leyti eru svæðin alfarið í höndum félaganna. Þó nokkur fjölgun hefur orðið á iðkendum golfíþróttarinnar og sífellt fleiri ferðamenn leggja leið sína á vellina. Hestamannafélagið Blær hefur aðstöðu á Kirkjubólseyrum í Norðfirði og hefur gert samning við Fjarðabyggð um uppbyggingu þar. Skotíþróttafélagið Dreki hefur byggt upp starfsemi sína undir Hólmgerðarfjalli ofan við Eskifjörð með tilstyrk sveitarfélagsins.

Íþróttalífið

Fjarðabyggð rak í samvinnu við íþróttafélögin íþrótt- og leikjanámskeið fyrir fimm til átta ára börn á árinu 2004. Ýmis önnur námskeið hafa ennfremur verið haldin eftir efnum og ástæðum. Íþróttir eru ein af meginstöðum félagslífs í Fjarðabyggð og teygir starfsemi ungmenna- og íþróttafélaganna anga sína víða íbúum til heilla.

Félagsmiðstöðvarnar


Í Fjarðabyggð eru þrjár félagsmiðstöðvar, ein í hverjum byggðarkjarna. Knellan er á Eskifirði og Zveskjan á Reyðarfirði, báðar í sögufrægu húsnæði sem áður hýsti barnaskóla staðanna. Í Neskaupstað er félagsmiðstöðin Atóm, en hún flutti á árinu í nýuppgerð húsnæði við Egilsbraut. Þar er aðstaða öll til mikillar fyrirmyndar og er það ekki síst að þakka myndarlegum gjöfum og styrkjum fyrirtækja á Norðfirði. Samstarf milli félagsmiðstöðvanna, starfsfólks og gesta þeirra er vaxandi auk þess sem samstarf félagsmiðstöðva, íþróttahúsa og skóla hefur eflst.

Skíðamiðstöðin Oddskarði

Á skíðasvæði Fjarðabyggðar í Oddskarði er mjög góð aðstaða til iðkunar skíða- og útivistariþróttar. Togbrautirnar eru þrjár, Sólskinsbraut, Goðabraut og Selbraut í misbröttu landi og geta því allir að fundið brekku við sitt hæfi. Skálinn er rúmgóður og býður uppá gistingu hópa.

Á árinu 2004 var skíðasvæðið því miður einungis opið í örfáa daga vegna óhagstæðs veðurfarar. Snjór var af skornum skammti enda veðurfar að mestu líkara vori en vetri.

TIL ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁLA VAR VARIÐ 178,4 MILLI. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 18,2% AF SKATTEKJUM





STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnáslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnarsvið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Félagsþjónustusvið

Félagsmálanefnd

Félagsmálanefnd starfar í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og fer með stjórn og framkvæmd félagsmála eftir því sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem og öðrum lögum og reglum er varða málaflokkinn sem slíkan. Aðalmenn í félagsmálanefnd eru: Sigrún Júlía Geirsdóttir formaður, Aðalsteinn Valdimarsson, Árdís Aðalsteinsdóttir, Ásmundur Páll Hjaltason og Smári Geirsson. Félagsmálanefnd fer með hlutverk barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar og áfengisvarnarnefndar. Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhreppur hafa með sér samstarfssamning um starfrækslu barnaverndarnefndar. Félagsmálanefnd hélt 20 fundi á árinu 2004.

Starfsemi félagsþjónustusviðs

Stöðugildi við félagsþjónustusvið voru 15,5 á árinu. Í lok ágúst lét forstöðumaður félagsþjónustusviðs, Kristinn Stefán Einarsson, af störfum og við tók Sigríður Stefánsdóttir, sem áður gegndi starfi æskulýðs- og íþróttafulltrúa. Ragna Hreinsdóttir félagsmálafulltrúi lét af störfum í september og við starfi hennar tók Hildur Ýr Sigurðardóttir. Einnig má geta þess að Fjarðabyggð og Skólaskrifstofa Austurlands gerðu á árinu með sér samning um kaup sveitarfélagsins á hálfu stöðugildi sálfræðings hjá Skólaskrifstofunni. Sálfræðiþjónusta þessi hefur mælst mjög vel fyrir og gjörbreytt sérfræðiufræðum félagsþjónustusviðs. Félagsþjónustusvið fer með framkvæmd félagslegrar þjónustu sveitarfélagsins.

Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Á árinu var veitt fjárhagsaðstoð að upphæð 3,8 milljónir kr.

Málefni aldraðra

Í Fjarðabyggð eru 32 íbúðir sérstaklega ætlaðar öldruðum. Hlutfallslega eru því 10 íbúar 67 ára og eldri um hverja íbúð.

Norðfjörður

Í Breiðabliki eru 27 íbúðir, 9 hjónaíbúðir og 18 einstaklingsíbúðir. Íbúðirnar eru félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða. Eftirspurn eftir íbúðum í Breiðabliki hefur aukist verulega og er þar nokkur biðlisti. Til þess að koma til móts við auknar þarfir íbúa Breiðabliks vegna hækkandi meðalaldurs var einni íbúð breytt í baðaðstöðu og starfsmannaafdreyp. Með þessu móti verður hægt að veita íbúunum betri þjónustu og starfsaðstaða verður þægilegri.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf í Breiðabliki þrjá til fjóra daga vikunnar frá

kl. 13-17. Þá er einnig starfsmaður í Breiðabliki til kl. 19 alla virka daga.

Sjúkraliðar frá fjórðungssjúkrahúsinu sinna nú vöktum til viðbótar við heimaþjónstuna og er það mikilvæg viðbót við þjónustu og öryggi íbúanna. Þá eru einnig veitt þjónusta við íbúa Breiðabliks um helgar af starfsmönnum félagsþjónustusviðs.

Félag eldri borgara á Norðfirði hefur Sigfúsarhús til frjálsra afnota undir starfsemi sína.

Eskifjörður

Í dag eru 17 rúm skilgreind á hjúkrunardeild og sjö á dvalarheimili. Biðlisti er viðvarandi. Stjórn Hulduhlíðar vinnur að undirbúningi byggingar hjúkrunarheimilis. Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf í Hulduhlíð þrisvar í viku. Einng er félagstarf í Melbæ einu sinni í viku og sinna því tveir starfsmenn á vegum félagsþjónustunar.

Félag eldri borgara á Eskifirði hefur húsið Melbæ til frjálsra afnota fyrir starfsemi sína.

Reyðarfjörður

Í Sunnugerði er einlyft timburhús með fimm íbúðum fyrir aldraða. Í húsinu eru tvær hjónaíbúðir og þrjár einstaklingsíbúðir. Tvær einstaklingsíbúðir voru lausar 1. desember. Tveir starfsmenn sjá um félagstarf tvisvar í viku kl. 13-17 í húsnæði sem Félag eldri borgara á Reyðarfirði hefur til frjálsra afnota fyrir starfsemi sína.

Mikill hugur er í eldri borgurum í Fjarðabyggð varðandi bættu aðstöðu fyrir félagsstarf sem og byggingu þjónustuíbúða. Í lok árs fór að komast verulegur skriður á þau mál, fyrst og fremst á Reyðarfirði.

Félagsleg heimaþjónusta

Aukin eftirspurn er eftir heimaþjónustu og biðlistar hafa því miður myndast. Stöðugildi við félagslega heimaþjónustu voru 5,6 og kostnaður vegna hennar 13,4 milljónir kr.

Daggæslumál

Fimm dagforeldrar störfuðu í sveitarfélaginu samkvæmt reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum. Foreldrar barna greiða fyrir daggæslu samkvæmt taxa viðkomandi dagmóður og fá mismun leikskólagjalds og gjalds dagmóður endurgreiddan. Niðurgreiðslan er þó háð ákveðnum skilyrðum. Heildargreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum námu á árinu 2004 1,8 milljón kr.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnarsvið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Málefni fatlaðra

Starfsmenn félagsþjónustusviðs hafa samvinnu við Svæðis-skrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi. Þjónusta við fatlaða miðar að því að tryggja þeim sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Þjónusta við fatlaða er aðallega fólgin í almennri ráðgjöf, ferðaþjónustu, aðstoð vegna húsnæðismála, atvinnumála og félagslegri liðveislu. Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun og auka félagslega færni. Liðveislun felur í sér að aðstoða einstaklinginn við að komast af heimili sínu til að njóta menningar- og félagslífs og annarrar dægrastyttingar. Miðað er að því að veita félagslega liðveislu eins og best hentar þörfum hvers einstaklings. Sérútbúin bifreið er notuð við akstursþjónustu fatlaðra og er starfsmaður í 70% starfi.

Jafnréttismál

Í september var haldið námskeið á vegum Jafnréttisstofu á Egilsstöðum. Námskeiðið var um jafnréttisstarf sveitarfélaga og bar yfirskriftina *Jafnt er betra*. Félagsmála-fulltrúi sótti námskeiðið.

Forvarnir

Fjarðabyggð veitti nokkra styrki í tengslum við forvarnarstörf á árinu 2004.

Styrkir eru eftirfarandi:

- Sjálfstyrkingarverkefnið „Ég er húsið mitt“ hlaut styrk í febrúar. Verkefnið hófst árið 1997 og miðar starfið að því að aðstoða og hvetja foreldra og aðra uppaldendur til að ræða við börnin um lífshamingju og heilbrigði.
- Í september styrkti sveitarfélagið SAMAN-hópin sem er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka og stofnana sem láta sig velferð barna varða. Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, einkum í tengslum við tímabil og atburði sem líklegir eru að valda aukningu á neyslu vímuefna meðal ungmenna.
- Styrkur var veittur til Barnaheilla í október vegna átaksins „Stöðvum barnaklám á netinu“. Samtökin Barnaheill eru hluti alþjóðlegrar hreyfingar sem hefur það markmið að tryggja réttindi barna.
- Í nóvember styrkti félagsmálanefnd forvarnarverkefnið „Blátt áfram“, en það verkefni er á vegum Rauða krossins, Barnaverndarstofu og Neyðarlínunnar. Verkefnið felst í forvörnum vegna kynferðislegs ofbeldis á börnum.

Samstarfshópur um forvarnir hóf stöf á árinu.

Þjónustuíbúðir fatlaðra

Við Bakkabakka á Norðfirði er fjölbýlishús með fjórum íbúðum sem eru sérhannaðar fyrir fatlaða. Þrjár íbúðir eru í eigu Fjarðabyggðar en fjórða íbúðin er ætluð fyrir skammtíamavistun og er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Húsnæðismál

Stefna Fjarðabyggðar um félagslegar leiguíbúðir áætlað að fækka íbúðum í kerfinu með sölu fram til ársins 2008, en þá er áætlað að 58 íbúðir verði í eigu sveitarfélagsins.

Sala íbúða

Gengið var frá sölu á þremur íbúðum á árinu; fimm herbergja parhúsi á Reyðarfirði, fimm herbergja íbúð í fjölbýlishúsi í Neskaupstað og fjögurra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi á Eskifirði.

Umsóknir

Alls bárust 44 umsóknir um leiguhúsnæði á árinu. Úthlutanir voru 24 en 10 umsækjendur hættu við, einni umsókn var synjað og 16 umsóknir bíða úthlutunar. Í árslok 2004 var ein félagsleg leiguíbúð laus.


Leiguíbúðir

Félagslegar leiguíbúðir Fjarðabyggðar á árinu 2004 voru 100. Þar af voru 32 leiguíbúðir fyrir aldraða.

Húsaleigubætur

Alls bárust 118 umsóknir um húsaleigubætur og voru þær greiddar til 106 einstaklinga að meðaltali á mánuði. Útborgaðar húsaleigubætur voru kr. 13,2 milljónir.

TIL FÉLAGSPJÓNUSTUSVIÐS VAR VARIÐ 85,4 MILLJ. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 8,7% AF SKATTKEJUM





STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða	Hafnar svið
Ávarp bæjarstjóra	Hafnarsjóð Fjarðabyggðar mynda fjórar hafnir: Mjóafjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn, Eskifjarðarhöfn og Reyðarfjarðarhöfn. Hafnarstjórn er skipuð fimm mönnum, sem kosnir eru af bæjarstjórn.
Starfsemin á árinu	Í hafnarnefnd sátu á árinu: Eiður Ragnarsson formaður, Guðjón B. Magnússon varaformaður, Guðrún Óladóttir, Árni Helgason og Pétur Wilhelm Jónasson.
Fjármála- og stjórnslusvið	Hafnarstjórn er ábyrg fyrir fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnanna. Hún ákveður gjaldskrár og gerir fjárhagsáætlun hafnarsjóðs sem bæjarstjórn staðfestir, einnig gerir hafnarstjórn langtímaáætlun í nýframkvæmdum.
Fræðslu- og menningarsvið	Á árinu var sett ný hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar samkvæmt nýjum hafnarlögum sem tóku gildi á árinu.
Æskulýðs- og íþróttamál	Fundir hafnarstjórnar voru alls 10 á árinu. Starfsmenn hafnanna eru 5 í jafnmörgum stöðugildum.
Félagsþjónustusvið	Afli á land
Hafnar svið	Mikill afli barst að landi í Fjarðabyggð á árinu eða tæpar 400 þúsund lestir. Er það þó um 50 þúsund lestum minni afli en barst að landi á árinu 2003. Samt sem áður tók hafnarsjóður Fjarðabyggðar á móti langmestum afla allra hafna á landinu.
Umhverfissvið	Þá varð mikil aukning í vöruflutningum einkum vegna virkjunar og álversframkvæmda. Samskip hóf reglubundnar millilandasiglingar frá Reyðarfirði en Eimskip er með slíkar siglingar frá Eskifirði.
Rafveita Reyðarfjarðar	Afkoma hafnarsjóðs var góð á árinu .
Samanburður á lykiltölum	Aflinn sem barst hér að landi skiptist þannig:
Ársreikningur 2004	
Rekstrarreikningur	
Efnahagsreikningur Eignir	
Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir	
Yfirlit um sjóðstreymi	
Skýringar	

Afkoma hafnarsjóðs var góð á árinu .

Aflinn sem barst hér að landi skiptist þannig:

	Magn (tonn)	Hlutfall (%)
Bolfiskur	17.786	4,5
Eldislax	3.175	0,8
Loðna	150.059	37,6
Kolmunni	172.412	43,2
Síld	55.354	13,9
Alls	398.786	100,0

Kolmunnaflinn minnkaði um rúm 40 þúsund tonn á milli ára og skýrir það að mestu aflamismuninn á milli ára.

Tekjur hafnarinnar skiptust þannig

	(millj.kr.)	(%)
Hafnartekjur	204,8	97,9
Leigutekjur	1,0	0,5
Seld þjónusta	3,3	1,6
Alls	209,1	100,0

Hafnartekjur skiptust þannig

	(millj.kr.)	(%)
Vörugjöld	81,7	40,9
Aflagjöld	80,2	39,2
Lestargjöld	25,6	12,5
Bryggjugjöld	11,5	5,6
Vigtargjöld	3,8	1,8
Alls	204,8	100,0

Framkvæmdir

Ljúka átti við að steypa þekju ofl. við nýja stálpilið á Eskifirði en vegna sigs varð að fergja enda kantsins og framkvæmdum frestað til ársins 2005. Kanturinn var þrátt fyrir þetta notaður til mjölútskipana.

Haldið var áfram við dýpkun Norðfjarðarhafnar og framkvæmdum við dýpkunina var lokið á árinu. Alls var kostnaður við dýpkunina um 21 milljón kr.

Bygging 380 metra stálþils við álvershöfnina hófst á haustmánuðum. Alls var unnið fyrir um 250 milljónir kr. Verktakafyrirtækið Arnarfell annast þennan fyrsta áfanga hafnarframkvæmdanna. Hafnarsjóður keypti land af ríkissjóði undir höfnina fyrir 8,8 milljónir kr.

Siglinga- og hafnarvernd var innleidd í höfnum Fjarðabyggðar (að undanskilinni Mjóafjarðarhöfn) þann 1. júlí 2004. Kostnaður hafnarsjóðs vegna þessa nam um 22,4 milljónum kr.

Umtalsverðar viðhaldsframkvæmdir voru unnar á höfnunum og meðal annars var bryggjan í Mjóafirði lagfærð fyrir um 5 milljónir kr.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnáslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnar svið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Umhverfissvið

Undir umhverfismálasvið heyrja skipulags-, byggingar-, og umferðarmál ásamt öllu því sem snýr að umhverfismálum í Fjarðabyggð. Á umhverfismálasviði eru sex starfsmenn. Umhverfismálanefnd fer með málefni byggingar- og skipulagsnefndar, umferðarnefndar auk þess að fjalla um öll þau málefni sem snerta umhverfismál, s.s. náttúruvernd, gróðurverndarmál og fl.

Á árinu hélt nefndin 24 fundi. Mest var um málefni tengd skipulags- og byggingarmálum. Þá var einnig fjallað um ýmis umhverfismál og fóru fulltrúar nefndarinnar um þéttbýliskjarnana og skoðuðu umhverfið með tilliti til aðgerða sem bæta mættu útlit og umgengni í sveitarfélaginu.

Í umhverfisnefnd sitja Benedikt Sigurjónsson formaður, Árni Ragnarsson varaformaður, Ásbjörn Guðjónsson, Heiðar Már Antonsson og Hörður Þórhallsson.

Tæknideild

Tæknideild hefur aðsetur á tveim stöðum í sveitarfélaginu. Í Neskaupstað situr forstöðumaður umhverfismálasviðs, forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar og umhverfisfulltrúi sem er tímabundin staða á meðan á álversframkvæmdum stendur. Árni Steinar Jóhannsson gegnir starfinu sem verktafi og hefur mikið áunnist í umhverfismálum með hans vinnu. Á Eskifirði sitja starfsmaður byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúi og eftirlitsmaður fasteigna.

Undir umhverfismálasvið heyrir einnig slökkviliðsstjóri sem staðsettur er á Eskifirði.

Þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar

Á árinu var starfsemi áhaldahúsanna breytt þannig að þau voru lögð niður sem slík og í staðinn sett á laggarnar Þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar. Hefur hún tvær starfsstöðvar á Eskifirði og Neskaupstað en á Reyðarfirði er tækjageymsla og starfsmannaaðstaða fyrir þá sem eru þar að störfum hverju sinni. Þá þjónusta starfsmenn þjónustumiðstöðvar og vinna verkefni um allt sveitarfélagið óháð staðsetningu sinni.

Í tíð áhaldahúsanna voru þrjár verkstjórar í hverju þeirra en með breytingunni þá fækkaði þeim um einn. Lét Kristján Ragnarsson af störfum en Þorvaldur Jónsson var ráðinn stöðvarstjóri á Eskifirði og Reyðarfirði og Jóhann Tryggvason í Neskaupstað. Jóhann sagði svo upp störfum seinni hluta sumars og í hans stað var ráðinn Þorsteinn Guðjónsson. Þá var Valgeir Hallvarðsson ráðinn forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar en hann lét af þeim störfum í árslok. Þá fækkaði í trésmiðadeildum og er einungis ein slík starfrækt á Reyðarfirði.

Á vegum Þjónustumiðstöðvar eru gerðir út tveir vegheflar, jarðýta, Broyt grafa, tvær traktorsgröfur, tveir vörubílar, tveir traktorar auk 16 smærri bíla.

Þjónustumiðstöðin sér um viðhald og eftirlit með vatnsveitum Fjarðabyggðar, viðhaldi gatna og holræsa, umferðarmerkja og sinnir alhliða verkefnum og þjónustu við íbúa og stofnanir Fjarðabyggðar.

Gatnaframkvæmdir

Á árinu var Búðareyri malbikuð að Brekkugötu og Egilsbraut malbikuð og lagfærð að hluta. Lagðar götur í Bakkagerði, Stekkjarholti og Skammadal. Einnig framkvæmdir við Kviabrekku og Réttarholt.

Þá voru höfð jarðvegsskipti í Sunnugerði, Melgerði og Efstagerði ásamt því að Mýrargata lögð yfirlagi að hálfu. Einnig var unnið við ýmsar lagfæringar og viðhald vítt og breitt um bæinn.

Vatns-, hita- og fráveita

Endurnýjuð var vatnslögn við Egilsbraut, Dal og Heiðarvegi. Lokið var við frágang vatnsbóla í Fannardal og gengið frá varaafsstöð og borholum. Þá var bætt við dælu í holu 14 í Vatnsveitu Eskifjarðar og lagfærðar grjótvarnir við vatnstökusvæði á Reyðarfirði. Vatnslagnir voru lagðar í götu á Bakkabakka og við hafnarsvæði á Reyðarfirði. Einnig tengd stofnlögn frá Dal við stofnlögn í Strandgötu. Þá var mikið um lagfæringar á vatnslögnum og endurnýjanir og nýlagningar á heimtaugum víða í þéttbýliskjörnunum. Brunahanar voru settir upp á Egilsbraut, Mýrargötu og Strandgötu.

Hreinsa þurfti lagnir og endurnýja að hluta eftir aurlaup úr Urðarbotnum. Skemmdir urðu á Stekkjargötu og lækjarstokk undir Piljuvöllum. Einnig urðu skemmdir á umhverfi og að hluta á húsinu að Stekkjargötu 5 sem er geymsluhús í eigu Fjarðabyggðar. Þá voru lögð holræsi á Bakkabökkum, Hafnarbraut, Hlíðarendavegi og lokið við lagfæringar í Bleiksárhlið. Útrásir voru lengdar og tengdar saman við Steinholt og bræðslu SVN sem einnig var lagfærð.

Prufudæling vegna hitaveitu var í fullum gangi á árinu og var einnig unnið við frágang á tilraunaholu.

Aðrar umhverfisframkvæmdir

Við Nesskóla var endurnýjaður lækjarstokkur og gilið formað í leiksvæði, lagðar voru drenlagnir og hitalagnir í sparkvöll og gangstéttir við anddyri. Leiktæki og vellir voru lagfærðir og endurnýjuð við Strandgötu, Stekkjargil og Hæðargerði. Lagfærðir grjótkantar við Eskifjarðará og Hlíðarandaá og grjótvörn við Búðará. Gert við skemmdir í lóð KK matvæla eftir vatnavexti og gengið frá malar-



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármála- og stjórnsýslusvið

Fræðslu- og menningarsvið

Æskulýðs- og íþróttamál

Félagsþjónustusvið

Hafnarsvið

Umhverfissvið

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2004

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur
EignirEfnahagsreikningur
Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

námum við Sel. Þá var unnið að endurbótum á Stríðsárasafninu og umhverfi þess og lögð drenlögn í kringum Félagslund svo lítið eitt sé nefnt af verklegum framkvæmdum.

Skipulagsmál

